



Sóttvarnalæknir

Reykjavík 24. febrúar 2022

### **Efni: Sóttkví og einangrun barna, beiðni um upplýsingar**

Kórónuveirufaraldurinn hefur sett mark sitt á líf barna síðustu tvö ár og ljóst að opinberar sóttvarnaáðgerðir hafa haft margvísleg áhrif á börn og ungmenni. Sem dæmi má nefna þær skerðingar sem orðið hafa á skóla- og frístundastarfi sem og þau áhrif sem áðgerðirnar hafa haft á félagslíf barna og ungmenna. Börn hafa ítrekað þurft að sæta einangrun og sóttkví og sum hver verið í verndarsóttkví til að varna því að smit komi inn á heimili þeirra þar sem er að finna einstakling í áhættuhópi. Allt framangreint er til þess fallið að valda börnum óvissu, kvíða og ótta. Gera má ráð fyrir að í einhverjum tilvikum leiði þessi mikla röskun á daglegu lífi barna til langvarandi áhrifa á líf þeirra og heilsu. Börn hafa lagt mikið til baráttunnar við kórónuveiruna og er afar mikilvægt að mati umboðsmanns barna að viðurkenna þeirra framlag og veita þeim þann stuðning sem þau þurfa á að halda, til skemmri eða lengri tíma. Liður í því er að fá yfirlit yfir það hvernig sóttvarnaáðgerðir hafa komið við börn á þeim tveimur árum sem þær hafa verið við lýði.

Umboðsmaður barna starfar samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, og hefur það hlutverk að vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu, sbr. 5. gr. laga um umboðsmann barna.

Samkvæmt ofangreindu óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

1. Hversu mörg börn á aldrinum 0 – 18 ára hafa þurft að sæta sóttkví vegna Covid-19? Óskað er eftir því að upplýsingarnar verði flokkaðar eftir aldurshópum barna samkvæmt eftirfarandi:
  - a) 0 - 6 ára
  - b) 6 – 12 ára
  - c) 13 – 18 ára
2. Hversu mörg börn á aldrinum 0 – 18 ára hafa þurft að sæta *endurtekinni* sóttkví á tímabilinu (þ.e. oftar en einu sinni)? Óskað er því eftir að upplýsing upplýsingarnar verði flokkaðar eftir aldurshópum barna samkvæmt eftirfarandi:
  - a) 0 - 6 ára

- b) 6 – 12 ára
  - c) 13 – 18 ára
3. Hversu mörg börn á aldrinum 0 – 18 ára hafa þurft að sæta sóttkví oftast en tvisvar á tímabilinu? Óskað er eftir því að upplýsing upplýsingarnar verði flokkaðar eftir aldurshópum barna samkvæmt eftirfarandi:
- a) 0 - 6 ára
  - b) 6 – 12 ára
  - c) 13 – 18 ára
4. Hversu mörg börn á aldrinum 0 – 18 ára hafa þurft að sæta sóttkví oftast en fjórum sinnum á tímabilinu? Óskað er eftir því að upplýsing upplýsingarnar verði flokkaðar eftir aldurshópum barna samkvæmt eftirfarandi:
- a) 0 - 6 ára
  - b) 6 – 12 ára
  - c) 13 – 18 ára
5. Hversu mörg börn hafa þurft að gangast undir PCR sýnatökupróf? Óskað er eftir því að upplýsingarnar verði flokkaðar eftir aldurshópum barna samkvæmt eftirfarandi:
- a) 0 - 6 ára
  - b) 6 – 12 ára
  - c) 13 – 18 ára
6. Hversu mörg börn hafa greinst með kórónuveiruna og þurft að sæta einangrun í kjölfarið? Óskað er eftir því að upplýsingarnar verði flokkaðar eftir aldurshópum barna samkvæmt eftirfarandi:
- a) 0 - 6 ára
  - b) 6 – 12 ára
  - c) 13 – 18 ára

Þess er farið á leit að umbeðnar upplýsingar berist svo fljótt sem verða má.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna